



UMHVERFISSTOFNUN

Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840Laugarvatn

Reykjavík 02. mars 2015
UST201502-501

Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar. Reitur B í landi Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundalóða á reit B í landi Hagavíkur við Þingvallavatn.


Ofangreind tillaga að deiliskipulagi frístundalóða á reit B í landi Hagavíkur gerir ráð fyrir þremur lóðum, 1, 2 og 3. Á ofangreindu svæði eru þegar 2 hús, gert er ráð fyrir byggingarreitum fyrir 2 hús í viðbót í tillögunni.


Náttúruminjar

Ofangreind deiliskipulagstillaga er innan svæðis nr. 743 á náttúruminjaskrá Þingvellir og Þingvallavatn. Umhverfisstofnun tekur undir að nýjir byggingarreitir eru 100 m frá vatni. Einnig tekur stofnunin undir að lóð nr. 3 er ekki sýnd alveg að vatni þannig að aðgengi almennings meðfram vatninu er ekki skert, en skv. 23. gr. laga nr. 44/1999 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillöguna. Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur